



Golfklúbburinn Dalbúi

**4. stjórnarfundur starfsársins 2018 haldinn að Bæjargili 109, Garðabæ, 3. maí 2018.
Fundur hófst kl. 17:00.**

Mætt: Bryndís Scheving form., Böðvar Schram,
Ásbjörn Sigurbjörnsson, Eiríkur Þorláksson

Forföll boðuð: Hafsteinn Daníelsson (varam.), Ragnhildur Bender (varam.)

1. Ráðning rekstraraðila:

Samþykkt að ganga til samninga við syni ábúanda í Miðdal um verkefnið, þ.e. slátt og aðra umsjón með vellinum, en viðræður hafa þegar átt sér stað um að þeir taki verkefnið að sér.

Formaður bauðst til að annast golfskálann í sumar á sínum vegum.

2. Styrkur úr Íþróttasjóði:

Borist hefur staðfesting á því að klúbbum hafi verið úthlutaður styrkur að upphæð 500 þús.kr. úr Íþróttasjóði, en sótt var um styrk til viðhalds véla og tækja.

Í framhaldi af þessari staðfestingu verða vélar klúbbsins sendar á verkstæði til yfirferðar, viðhalds og viðgerða; er vonast til að þessi vinna taki ekki of langan tíma, enda þörf á vélunum til vinnu við völlinn a.m.k. í síðari hluta maí mánaðar.

3. Innheimta félagsgjalda:

Gjaldkeri upplýsti að eftir að innheimta félagsgjalda hafi farið vel af stað, þá hafi dregið úr greiðslum í apríl og í upphafi maí. Alls eru 24 félagsmenn ekki byrjaðir að greiða sín félagsgjöld, en má vonast til þess að skil glæðist eftir því sem golf-vertíðin sjálf nálgast.

4. Vinnudagur:

Það eru ýmis verkefni fram undan við að undirbúa opnunar vallarins í vor. Ákveðið var að boða vinnudag félagsmanna 19. maí, þar sem gengið verður til þeirra verka sem tekin verður saman skrá um, og nauðsynleg innkaup gerð tímanlega (t.d. á sandi, áburði, fræi o.s.frv.) í samvinnu við rekstraraðila.

5. Vallargjöld 2018:

Tillaga um vallargjöld sumarsins 2018 lögð fram og samþykkt; gjaldskráin verður birt á vefsíðu klúbbsins á næstunni.

6. Önnur mál:

- Styrkir í boði frá UMFÍ: Formaður tilkynnt að borist hefur tilkynning um að klúbbum hafi verið úthlutaður styrkur að upphæð 100 þús.kr. úr umhverfis- og gróður sjóði UMFÍ; verður stefnt að því að nýta hann til gróðursetningar og flutnings á trjám á völlum í sumar.
- Grafíu-mótið: Ekki er ljóst hvort og þá með hvaða hætti Grafía mun nota heimild sína til að halda mót á vellinum í Miðdal í sumar. var formanni og gjaldkerfa falið að ræða málið við formann Grafíu, þannig að tryggt verði að ekki komi til árekstra við mótahald á vegum klúbbsins.

Fleiri mál ekki tekin til afgreiðslu, og formlegum fundi slitið kl. 18:15.

Næsti fundur stjórnar var ekki ákveðinn, en rætt um möguleika þess að stjórnin haldi fundi eftir þörfum í sumar í Miðdal, hvort sem slíkir fundir verða skráðir formlegir fundir eða ekki.

Formlegir fundir stjórnar verði síðan teknir upp að nýju í haust.

Eiríkur Þorláksson ritaði fundargerð.